

Ed. 766. Frumvarp til laga [416. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðissparnaðarreikninga, nr. 49 26. júní 1985.

Flm.: Halldór Blöndal, Egill Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson,
Guðmundur H. Garðarsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Í stað niðurlags 2. mgr., „eigi sjaldnar“ o.s.frv. kemur: eigi sjaldnar en tvisvar á ári, fyrir júnílok og fyrir desemberlok, og nemi missisgreiðslan eigi lægri fjárhæð en 6000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 60 000 kr.
- b. 3. mgr. fellur niður.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Fyrir „til tíu ára“ í 1. mgr. kemur: til fimm ára.
- b. Fyrir „að fimm árum liðnum“ í sömu málsgrein kemur: að þremur árum liðnum.
- c. Fyrir „umfram tíu ár um eitt ár í senn, þó mest um fimm ár“ kemur: um eitt ár í senn.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðist svo:

Dragist innborgun umsamins innleggs eða hluta þess fram yfir lok þess missiris er það skyldi lagt inn samkvæmt samningi við banka eða sparisjóð skv. 2. gr. skapar sá hluti innleggs, sem dregst fram yfir lok missiris, ekki rétt til skattafsláttar.
- b. 2. mgr. orðist svo:

Heimilt er viðkomandi banka eða sparisjóði að losa innstæðu en þá skal skattstjóri gera reikningseigenda að endurgreiða þann skattafslátt, sem honum hefur nýst vegna innleggs á reikninginn, ásamt sömu raunvöxtum af þeirri fjárhæð og reikningurinn gaf.
- c. 5. mgr. fellur niður.

4. gr.

Síðasti másl. 6. gr. laganna, „Komi til skilnaðar . . . binditíma reikninganna“, fellur niður.

5. gr.

Á eftir 6. gr. laganna bætist ný grein er verði 7. gr., svohljóðandi:

Heimilt er foreldrum að stofna til sparnaðarreiknings í nafni barns síns og nýtist foreldrum þá skattafslátturinn. Binditími skal vera til 16 ára aldurs barns en síðan gildi venjulegir skilmálar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í umræðum um húsnæðismál á undanförunum árum hefur hvað eftir annað verið vakin athygli á því hve nauðsynlegt það sé að hvetja ungt fólk til sparnaðar áður en það festir kaup á íbúð. Að öðrum kosti sé hætt við því að það sökvi í fen skammtímalána og skuldbindinga sem því muni reynast erfitt að ná sér upp úr. Það var af þessum sökum sem löggjöfin um húsnæðissparnaðarreikningana var sett. Það kom síðan í ljós að skilmálar þeirra voru of harðir til þess að þeir þættu fýsilegir, auk þess sem „skattlausa árið“ setti strik í reikninginn. Innlánsreikningur með skattfríðindum er að sjálfsögðu marklaus á því ári sem launatekjur eru ekki skattlagðar. Af þessum sökum hafa mjög fáir stofnað til húsnæðissparnaðarreikninga, en reynslan erlendis sýnir að þetta sparnaðarform nýtur vinsælda um leið og menn hafa áttað sig á kostum þess.

Í frumvarpi þessu er lagt til að binditími fjáris verði stytur verulega, auk þess sem foreldri er gefinn kostur á að stofna til húsnæðissparnaðarreiknings á nafni barns síns og nýtur foreldrið þá skattfríðindanna. Hinn almenni binditími er bundinn við fimm ár í stað tíu ára og við þrjú ár fyrir þá sem náð hafa 67 ára aldri. Sektarákvæði laganna eru afnumin, en heimilað er að losa innstæðu, enda endurgreiði reikningseigandi þann skattafslátt, sem honum hefur nýst vegna innleggs á reikninginn, ásamt sömu raunvöxtum af þeirri fjárhæð sem reikningurinn gaf þannig að hann verði jafnsettur eftir eins og hann hefði engra skattfríðinda notið. Loks er gert ráð fyrir missirislegum greiðslum í stað ársfjórðungslegra.